

Fundargerð

Fundur, 10. maí 2021 (í gegnum Teams). Fundur hófst kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Davíð Örvar Hansson og Eva B. Sólán Hannesdóttir, fulltrúar Umhverfisstofnunar
Guðríður Þorvarðardóttir, fulltrúi Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins
Þórólfur Jónsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar
Tómas Guðberg Gíslason og Michele Rebora, fulltrúar Mosfellsbæjar

Markmið fundar:

Markmið fundarins var að fara yfir tillögu að friðlýsingu Blikastaðakróar og kanna möguleikann á útvíkkun svæðisins inn fyrir bæjarmörk Mosfellsbæjar. Í því tilliti var litið til nokkrra valkosta m.a. tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem tekur til Leiruvogs og strandlengju Geldinganness og hvort að horfa mætti til þess að svæðið yrði friðlýst sem eitt heildarsvæði, þ.e. Blikastaðakró-Leiruvogur, og að setja fram tillögu að afmörkun fyrir fyrirhugað friðlýst svæði sem kynnt yrði fyrir sveitarfélögunum.

Efni fundarins:

Fulltrúi Umhverfisstofnunar kynnti þær forsendur sem eru að baki verkefninu og fór yfir tillögu Reykjavíkurborgar um að Blikastaðakró, þ.m.t. grunnsævi, leirur, fjörur, árós, sker og eyjar, verði friðlýst. Reykjavík á land að norðanverðum Leiruvogi sem að öðru leiti tilheyrir Mosfellsbæ. Svæðið er hluti af stærra svæði, Blikastaðakró-Leiruvog, sem Náttúrufræðistofnun Ísland hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrá.

Á fundinum var rætt um að horfa til tillögu NÍ og þannig horfa jafnframt til Leiruvogs og þess svæðis sem tilheyrir Mosfellsbæ. Farið var yfir verndargildi svæðisins í heild sem einkennist af grunnsævi og víðáttumiklum leirum. Fyrir botni Leiruvogs eru einnig sjávarfitjar. Bæði leirur og sjávarfitjar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Um er að ræða mikilvægt fuglasvæði, einkum á fartíma margæsa á vorin og fæðusvæði fyrir sendlinga að vetri og ná tegundirnar þá alþjóðlegum verndarviðmiðum. Svæðið hentar til útivistar og er þar m.a. stundað golf og hestamennska.

Fulltrúi Reykjavíkurborgar upplýsti að hugmyndir sveitarfélagsins snúi helst að friðlýsingu strandlengjunnar frá eiðinu á Geldinganesi að mörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur við Úlfarsá/Korpu.

Fulltrúi Mosfellsbæjar upplýsti að umræður í bæjarstjórn hafi verið jakvæðar hvað varðar friðlýsingu þess hluta Leiruvogs sem tilheyrir Mosfellsbæ. Borin var upp tillaga sem hann hafði borið undir umhverfisnefnd Mosfellsbæjar á fundi 29. apríl 2021 þar sem fjallað var um að hefja samtal um friðlýsingu Leiruvogs ásamt Blikastaðakró. Afgreiðsla umhverfisnefndar Mosfellsbæjar var að vísa málinu til umsagnar.

Nokkrir valkostir voru ræddir sem mögulegir friðlýsingarkostir:

- Blikastaðakró ásamt ströndinni að eiðinu á Geldinganesi
- Blikastaðakró ásamt ströndinni að eiðinu á Geldinganesi ásamt Blikastaðakró og ströndinni út á Blikastaðanes, mörk ekki nánar skilgreind að svo stöddu.
- Tvískipt friðlýsing, annars vegar Blikastaðakró og hinsvegar Leiruvogur að hluta til eða í heild.
- Allt það svæði sem fjallað er um í tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, þ.e. svæðið frá eiðinu á Geldinganesi, strönd Geldinganness að því svæði sem fyrirhuguð Sundabraut mun liggja, Leiruvogurinn allur, Ströndin um Blikastaðanes, Blikastaðakró og hringnum lokað við Eiði Geldinganness ásamt hafsvæðinu útaf ströndinni – svæði nánar afmarkað á korti.

Umræður voru um framangreindar sviðsmyndir, kosti og galla.

Rætt var um að Umhverfisstofnun ynni kort sem sýndi tillögu að afmörkun svæðisins þar sem horft væri til B-hluta tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Afmörkunin ætti aðeins að ná til svæðis sem væri í eigu sveitarfélaganna tveggja og undanskilja landsvæði í einkaeigu. Jafnframt að undanskilja mögulegt fyrirhugað framkvæmdasvæði Sundabrautar sem og golfvelli og hesthúsahverfi, þ.e. að skera línurnar við fjöruna.

Þá var rætt um að fulltrúar sveitarfélaga kynntu í kjölfarið tillögu Umhverfisstofnunar að afmörkuninni fyrir nefndum sveitarfélaganna og óskuðu eftir afstöðu þeirra sem og, eftir því sem við á, eftir tillögum að breytingum. Í framhaldinu yrði unnt að taka til skoðunar hvort að forsendur séu til þess að vinna áfram með málið og horfa til áforma um friðlýsingu svæðisins að fengnu ítarlegra mati á verndargildi svæðisins frá NÍ.

Næstu skref:

Ákveðið var að Umhverfisstofnun myndi vinna kort sem sýnir tillögu að afmörkun fyrirhugaðrar friðlýsingar og að fulltrúar sveitarfélaganna beri tillöguna undir umhverfisnefnd hjá sínu sveitarfélagi og óski eftir afstöðu þeirra til tillögunnar, ásamt tillögum að breytingum eins og við á.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 15:50.

Vinnukort



Blikastaðakró Leiruvogur

- Tillaga að afmörkun
- Sveitarfélagamörk
- Friðlýst svæði (Varmárósar)

Flatarmál: 4,57 km²

Kortavörpun: Lambert keiluvörpun

Hnattstaða: ISN93

Kortagerð: Ingibjörg M. Bjarnadóttir

Umhverfisstofnun, dags. 12.5.2021